**Sþ.** **1113. Skýrsla** [522. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1987.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

## INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1987 urðu sem hér segir:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Almennar hafnir | 383.9 |
| Reykjavíkurhöfn | 126.9 |
| Landshafnir | 6.2 |
| Ferjuhafnir | 5.2 |
| Samtals: | 522.2 |

Árið 1986 voru heildarframkvæmdir í höfnum 218.1 millj kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakur kafli um rannsóknir. Í nokkrum tilvikum eru framkvæmdatölur áætlaðar þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir.

# FRAMKVÆMDIR Í ALMENNUM HÖFNUM

## Akranes.

Boðin var út endurbygging 2800 $m^2$ þekju, tengibrunna og lagna á fremsta hluta aðalhafnargarðs og í framhaldi af því samið við lægstbjóðanda sem var Guðmundur Magnússon á Akranesi. Verkið hófst síðla sumars og var því lokið um áramót.

Settur var upp nýr löndunarkrani fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 15.599 þús. kr.

## Borgarnes.

Unnið var að endurbótum og rafvæðingu á innsiglingarljósum við Rauðanes og við höfn. Starfsmenn Vitastofnunar unnu verkin.

Framkvæmdakostnaður: 996 þús. kr.

## Arnarstapi.

Heimamenn dýpkuðu lítillega meðfram bryggjunni með eigin tækjum.

Framkvæmdakostnaður: 212 þús. kr.

## Ólafsvík.

Samið var við Köfunarstöðina hf. um að sprengja og grafa 110 m langan skurð fyrir stálþil ofan til við Norðurgarð. Framkvæmdir hófust í maí og stóðu með hléum fram á haust, en verkinu lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 4.021 þús. kr.

## Grundarfjörður.

Unnið var að gerð 20 m langrar flotbryggju fyrir smábáta við Austurgarðinn ofan við stálþilið og önnuðust heimamenn framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 2.004 þús. kr.

## Stykkishólmur.

Unnið var að gerð 50 m langs skjólgarðs við Árnasteina austan við Stykkisbryggju og smíðaðar voru flotbryggjur alls 21 m langar og þeim lagt út. Heimamenn önnuðust þessar framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Síðari hluta árs var unnið að endurbyggingu á suðvestur hluta trébryggju og annaðist það verk verkstjóri frá Hafnamálastofnun ásamt heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 13.613 þús. kr.

## Brjánslækur.

Unnið var að gerð 120 m langs grjótgarðs vestan við gömlu bryggjuna og var ekið í garðinn alls 43500 $m^3$ af grjóti.

Samið var um verkið við Vinnuvélar hf. á Patreksfirði og hófust framkvæmdir snemma í júní og lauk því síðast í nóvember. Hafnamálastofnun annaðist eftirlit með verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 25.578 þús. kr.

## Patreksfjörður.

Unnið var að endurbyggingu kants á bátabryggju alls 85 m og keyptur var og settur upp nýr löndunarkrani fyrir smábáta. Heimamenn önnuðust framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 2.168 þús. kr.

## Tálknafjörður.

Byggð var 41 m löng harðviðarbryggja næst landi, austanvert á hafnargarði í stað ónýtrar bryggju sem rifin var. Hafnamálastofnun annaðist verkið ásamt heimamönnum og hófust framkvæmdir í byrjun mars og þeim lauk 15. júní.

Einnig var steypt tengibraut á hafnarsvæði alls 950 $m^2$ og sáu heimamenn um þá framkvæmd.

Framkvæmdakostnaður: 10.095 þús. kr.

## Bíldudalur.

Tæknikostnaður: 42 þús. kr.

## Flateyri.

Hafinn var undirbúningur að uppsetningu á 50 tonna bílavog og steyptar voru undirstöður, en uppsetningu er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 514 þús. kr.

## Suðureyri.

Tækni- og fjármagnskostnaður: 1.099 þús. kr.

## Bolungarvík.

Unnið var að frágangi við Grundargarð, m.a. steyptur 72 m kantur, steypt 1100 $m^2$ þekja og gengið frá lögnum. Verkið var unnið af Guðmundi Óla Gunnarssyni byggingameistara í Bolungarvík að undangengnu útboði. [illegible]kið var unnið á tímabilinu júní—nóvember.

Einnig var bætt 14 m við flotbryggju fyrir smábáta. Verkin voru unnin í samráði við og undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 7.124 þús. kr.

## Ísafjörður.

Byggður var 150 m langur stálþilsbakki í Sundahöfn. Í byrjun árs var keypt stálþil og í apríl hófst vinna við að reka þilið niður, steyptur var kantbiti og pollar, og gengið var frá stigum, þybbum og lýsingu. Framkvæmdum var að mestu lokið í nóvember og var kanturinn tekinn í notkun upp úr áramótum. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum. Boðinn var út 1. áfangi 400 $m^2$, endurbyggingar á þekju í gömlu bátahöfninni og var samið við verktaka í framhaldi af útboðinu. Verkið var unnið í október.

Framkvæmdakostnaður: 32.399 þús. kr.

## Súðavík.

Tæknikostnaður: 12 þús. kr.

## Norðurfjörður.

Steyptur var 42 metra kantbiti með pollum á stálþilið, einnig var gengið frá stigum og þybbum og gerður var skjólgarður innan við gömlu bryggjuna fyrir smærri báta. Framkvæmdir stóðu í júlí og ágúst, og önnuðust heimamenn framkvæmdir undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 5.328 þús. kr.

**Drangsnes.**

Í mars var samið við Trésmiðjuna á Hvammstanga um smíði á fjórum flotbryggjueiningum, 7 m löngum hverri, og voru þær dregnar til Drangsness snemma sumars. Heimamenn sáu um útlögn og frágang bryggjunnar á staðnum í samráði við Hafnamálastofnun og var því lokið síðla hausts.

Framkvæmdakostnaður: 1.221 þús. kr.

**Hólmavík.**

Settur var upp löndunarkrani og önnuðust heimamenn það verk.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 1.539 þús. kr.

**Hvammstangi.**

Settar voru út flotbryggjur sem smíðaðar voru árið áður og gengið frá þeim til bráðabirgða.

Framkvæmdakostnaður: 286 þús. kr.

**Blönduós.**

Unnið var að endurbyggingu á hluta bryggjukants, um 20 m á efsta hluta bryggjunnar, einnig var unnið við undirbúning í grjótnámi. Heimamenn önnuðust framkvæmdir ásamt starfsmönnum Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 2.809 þús. kr.

**Skagaströnd.**

Settur var upp nýr löndunarkrani fyrir smærri báta og einnig var lögð ný rafmagnsheimtaug að hafnarsvæði. Heimamenn önnuðust framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 826 þús. kr.

**Sauðárkrókur.**

Byggður var 165 m langur grjótgarður alls um 12000 $m^3$ við nýja smábátahöfn og dýpkað var innan hafnarinnar um 2500 $m^3$. Verkið var boðið út og önnuðust verktakar af staðnum öflun grjóts utan af Skaga í febrúar og mars, og einnig byggingu garðsins fyrri hluta sumars.

Smíðaðar voru þrjár einingar af flotbryggjum 7 m hver og var þeim lagt út síðari hluta sumars.

Unnið var að endurbótum á rafmagni á aðalhafnargarði.

Allar framkvæmdir voru unnar af heimamönnum í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 9.277 þús. kr.

**Hofsós.**

Keypt var og sett upp ný 50 tonna bílavog og einnig var keyptur löndunarkrani. Heimamenn önnuðust framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 4.795 þús. kr.

**Haganesvík.**

Endurbyggður var landgangur á bryggjunni og voru steyptir upp veggir og þekja yfir gamla landganginn alls 60 m kafli. Heimamenn unnu verkið í samráði við Hafnamálastofnun og stóðu framkvæmdir frá 20. júní til 15. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 3.984 þús. kr.

**Siglufjörður.**

Boðin var út bygging 190 metra langs (12500 $m^3$) brimvarnargarðs utan við Brjótinn og í framhaldi af því var samið við Rein hf. Verkið hófst í lok maí og því lauk um miðjan ágúst.

Fjarlægðar voru gamlar trébryggjur.

Framkvæmdakostnaður: 10.577 þús. kr.

**Ólafsfjörður.**

Í byrjun árs var haldið áfram framkvæmdum við endurbyggingu trébryggju við Norðurgarð og lauk áætluðum framkvæmdum um miðjan júní. Verkið var unnið af og heimamönnum undir stjórn Hafnamálastofnunar.

Í maí hófst vinna við dýpkun í höfninni með dæluprammanum Háki og stóð sú vinna fram í lok ágúst. Alls var fjarlægt úr höfninni og innsiglingunni um 36000 $m^3$, og var öllu efninu dælt á land vestan við ósinn.

Unnið var við aðstöðu fyrir smábáta, smíðaðar tvær flotbryggjueiningar alls 14 m og þeim komið fyrir.

Framkvæmdakostnaður: 21.088 þús. kr.

**Dalvík.**

Hafinn var undirbúningur að lagningu bundins slitlags á tengibraut á hafnarsvæði, einnig var gengið frá hitalögn í þekju á Norðurgarði.

Framkvæmdakostnaður: 3.958 þús. kr.

**Hrísey.**

Tæknikostnaður: 22 þús. kr.

**Árskógssandur.**

Í júní var hafin bygging brimvarnargarðs norðan við bryggjuna og var garðurinn 120 m langur, þar af 45 m fram fyrir steypta garðinn. Alls fóru 24000 $m^3$ af grjóti í garðinn. Samið var við heimaaðila á föstu verði um verkið og var það unnið undir stjórn starfsmanna Hafnamálastofnunar og lauk því seint í nóvember.

Boðin var út bygging 43 m langrar harðviðarbryggju fyrir Hríseyjarferjuna og var samið um smíðina við þann eina sem bauð í verkið, Guðlaug Einarsson frá Fáskrúðsfirði. Verkið hófst í ágúst og því lauk í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 33.560 þús. kr.

**Hjalteyri.**

Tæknikostnaður: 31 þús. kr.

**Akureyri.**

Unnið var að frágangi við hafnarsvæði í Sandgerðisbót. Í maí var hafist handa við að reka niður stálþil til lengingar á viðgerðarbryggju við Slippstöðina. Garðurinn var lengdur um 23 m og á enda hans var rekin stálþilstunna 15 m að þvermáli.

Heimamenn önnuðust verkið með aðstoð Hafnamálastofnunar og lauk því í júlí.

Unnið var nokkuð í skipulagsmálum og ýmsum undirbúningi.

Framkvæmdakostnaður: 13.657 þús. kr.

## Grímsey.

Í júlí hófst vinna við að bæta ofan á grjótvörn utan við Kerabryggju, sprengt var grjót úr klettum ofan við höfnina og garðurinn hækkaður á kafla.

Gerð var athugun á grjótnámi suðvestan á eyjunni og var borað þar og sprengt í klettum við Grenivíkurtjörn.

Hafnamálastofnun annaðist verkið og stóð það fram í miðjan ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 4.176 þús. kr.

## Húsavík.

Unnið var við skipastæði í dráttarbraut og önnuðust heimamenn þá vinnu.

Framkvæmdakostnaður: 3.883 þús. kr.

## Kópasker.

Löndunarkrani fyrir smábáta var keyptur og settur upp og steypt var ljósamasturshús. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 1.064 þús. kr.

## Raufarhöfn.

Keypt var stálþil og í ágúst var hafist handa við að reka það niður framan við nýja frystihúsið alls 96 m langt viðlegurými og var það tilbúið til notkunar í lok nóvember. Einnig var steypt hús undir ljósamastur og sett upp lýsing. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum.

Í ágúst var samið við Dýpkunarfélagið hf. um dýpkun í höfninni og innsiglingunni og hófust framkvæmdir um miðjan ágúst. Alls voru grafnir og fluttir á brott um 57700 $m^3$ og lauk verkinu að mestum hluta í byrjun nóvember. Hafnamálastofnun hafði umsjón og eftirlit með þessum framkvæmdum. Lítillega var bætt við viðlegubryggju fyrir smábáta innan á skjólgarði um bátahöfn.

Framkvæmdakostnaður: 33.097 þús. kr.

## Þórshöfn.

Snemma í nóvember hóf Dýpkunarfélagið hf. vinnu við dýpkun í innsiglingu og innan hafnar, samkvæmt tilboði sínu og voru fjarlægðir alls 32500 $m^3$. Framkvæmdum lauk um miðjan desember. Hafnamálastofnun hafði eftirlit með þessum framkvæmdum fyrir höfnina.

Keyptar voru tvær 10 m steyptar flotbryggjueiningar erlendis frá, en ekki var gengið frá þeim á árinu.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 12.840 þús. kr.

## Bakkafjörður.

Í júlí var byggð 17 m löng harðviðarbryggja innan við nýja brimvarnargarðinn, og var samið við verktaka um það verk. Einnig var keyptur löndunarkrani á bryggjuna.

Hafnamálastofnun hafði umsjón með verkum.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 7.705 þús. kr.

**Vopnafjörður.**

Keypt var stálþil og í lok júlí hófst vinna við að reka það niður. Þil þetta kom í framhaldi af eldra þili við Ásgarð og var það alls 58 m í átt til landsins allt að trébryggju, sem er efst við garðinn.

Steyptur var kantur með pollum, á þilið og gengið var frá stigum og þybbum. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum og lauk þeim seint í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 16.847 þús. kr.

**Borgarfjörður eystri.**

Í september var byggð 15 metra löng harðviðarbryggja austanvert í bátahöfninni við Hafnarhólma og var samið við verktaka um það verk.

Hafnamálastofnun hafði umsjón með þessu verki.

Framkvæmdakostnaður: 2.894 þús. kr.

**Seyðisfjörður.**

Unnið var að smíði bryggju í smábátahöfn svo og öðrum frágangi og önnuðust heimamenn þau verk. Einnig var steypt þekja við ferjuaðstöðu.

Framkvæmdakostnaður: 3.044 þús. kr.

**Neskaupstaður.**

Unnið var að frágangi í smábátahöfn og önnuðust heimamenn það.

Framkvæmdakostnaður: 968 þús. kr.

**Eskifjörður.**

Hafin var gerð smábátahafnar og var byggður 160 m langur skjólgarður alls 5600 $m^3$, og fyrirstöðugarður 900 $m^3$ einnig var svæði innan garðsins dýpkað alls 4000 $m^3$ og smíðaðar voru fjórar flotbryggjueiningar, alls 28 metrar. Keyptur var og settur upp löndunarkrani fyrir smábáta. Heimamenn önnuðust þessi verk í samráði við Hafnamálastofnun og var grjótverkið og dýpkunin boðið út.

Framkvæmdir stóðu frá miðjum júní fram í september.

Framkvæmdakostnaður: 5.530 þús. kr.

**Reyðarfjörður.**

Lítillega var dýpkað í smábátahöfn og sáu heimamenn um það.

Framkvæmdakostnaður: 614 þús. kr.

**Fáskrúðsfjörður.**

Fyrri hluta árs var haldið áfram framkvæmdum við skjólgarða um smábátahöfn og lauk því verki, svo og dýpkun hafnarinnar snemma sumars. Heimamenn önnuðust verkið.

Framkvæmdakostnaður: 3.184 þús. kr.

**Stöðvarfjörður.**

Fjármagnskostnaður: 671 þús. kr.

**Breiðdalsvík.**

Löndunarkrani fyrir smábáta var keyptur og settur upp, og önnuðust heimamenn uppsetninguna.

Framkvæmdakostnaður: 978 þús. kr.

**Djúpivogur.**

Sett var dufl á Flandraraboða.

Framkvæmdakostnaður: 491 þús. kr.

**Hornafjörður.**

Unnið var að dýpkun með dælupramma hafnarinnar, Soffíu.

Dælt var á 40 metra breiðu svæði frá vörubryggju að frystihúsbryggju, og einnig á svæði við Óslandsbryggju alls 24800 $m^3$. Unnið var við raflagnir í Miklagarðsbryggju, lögð var ný heimtaug að vogarhúsi og gengið var frá lögnum í brunna við kant. Lagt var slitlag á tengibraut á hafnarsvæði.

Framkvæmdakostnaður: 9.252 þús kr.

**Dyrhólaey.**

Í mars var unnið við að dýpka sjósetningarrennu, og var þar með lokið við mótun rennunnar. Verkið var unnið af verktaka.

Framkvæmdakostnaður: 468 þús. kr.

**Vestmannaeyjar.**

Unnið var að dýpkun með sanddælupramma hafnarinnar og var alls dælt 13200 $m^3$ á þremur svæðum í höfninni.

Unnið var við frágang á viðgerðarkanti og einnig var unnið að frágangi í skipalyftu við skipastæði. Öryggisbúnaður var bættur einkum við stiga á bryggjum.

Framkvæmdakostnaður: 11.770 þús. kr.

**Eyrarbakki.**

Unnið var að dýpkun framan við bryggjuenda og var efnið mokað upp með krana.

Framkvæmdakostnaður: 844 þús. kr.

**Grindavík.**

Steyptur var landveggur við Kvíabryggju og steypt var skábraut framan við Slysavarna-félagshús.

Heimamenn önnuðust framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 3.813 þús. kr.

**Sandgerði.**

Boðið var út að steypa þekju, setja niður ídráttarlagnir fyrir rafmagn og ganga endanlega frá vatnslögnum og brunnum á efsta hluta stálþilsgarðs alls 1360 $m^2$. Samið var við lægstbjóðanda, sem var Steinverk hf. Verkið hófst um miðjan júní og því lauk seint í september.

Einnig var lagt bundið slitlag á tengibraut, á hafnarsvæði 2100 $m^2$, og unnið var að rannsóknum og undirbúningi fyrir framkvæmdir við dýpkun innsiglingarrennu.

Hafnamálastofnun hafði umsjón með verkum.

Framkvæmdakostnaður: 6.522 þús. kr.

## Garðabær.

Tæknikostnaður: 8 þús.kr.

## Vogar.

Gert var við grjótvörn utan á hafnargarði og var það unnið í mars undir stjórn Hafnamálastofnunar. Einnig voru hafnar framkvæmdir við nýja hafnarvog.

Framkvæmdakostnaður: 687 þús. kr.

## Hafnarfjörður.

Unnið var að útboðsverk samkvæmt samningi á III. áfanga Suðurbakka, steypt var 1700 $m^2$ þekja og gengið frá lögnum og lýsingu. Verkinu lauk síðla árs, heimamenn önnuðust eftirlit.

Köfunarstöðin hf. dýpkaði á svæði framan við Suðurbakka og Óseyrarbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 24.216 þús. kr.

## Garðabær.

Tæknikostnaður: 12 þús. kr.

## Reykjavíkurhöfn.

Í Vesturhöfn var m.a. unnið að landfyllingum, ýmsum lagfæringum og breytingum. Við Kleppsbakka var hafinn undirbúningur framkvæmda við 150 m stálþilsbakka, ekið út skjólgarði, fyllingu undir bryggjustæði og keypt stálþil. Í Viðey var byggð ný bryggja til fólks- og efnisflutninga. Keyptir voru tveir nýir hafnsögubátar.

Framkvæmdakostnaður: 126.862 þús. kr.

# LANDSHAFNIR

## Keflavík-Njarðvík.

Tæknikostnaður: 120 þús. kr.

## Þorlákshöfn.

Tæknikostnaður: 109 þús. kr.

## Rifshöfn.

Snemma árs vann ds. Sandey að dýpkun í innsiglingunni og trébryggja var endurbyggð að hluta. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 5.982 þús. kr.

# FERJUBRYGGJUR

Unnið var að endurbyggingu ferjubryggju í Mjóafirði (eystra) og unnu heimamenn það verk ásamt mönnum frá Hafnamálastofnun sem hafði umsjón með verkinu.

Steyptur var landveggur og mikið endurnýjað af timbri í bryggjunni. Verkinu varð ekki lokið á árinu.

Lítið sem ekki neitt var unnið við aðrar ferjubryggjur.

Framkvæmdakostnaður: 5.238 þús. kr.

## SJÓVARNARGARÐAR

Unnið var við sjóvarnargarða víða um land og voru þessi verkefni helst:

Akranes, við Lambhúsasund neðan Bakkatúns, á Blönduósi var lokið við svæðið milli hafnar og Blöndu, á Siglufirði norðanvert á eyrinni, á Húsavík kafli vestan við höfn, á Eyrarbakka var hafin endurbygging garða til austurs frá höfninni, í Grindavík var unnið við kafla vestan við höfnina.

Framkvæmdakostnaður: 19.920 þús. kr.

## RANNSÓKNIR

Starfsemi rannsóknadeildar árið 1987 einkenndist af mikilli vinnu fyrir framkvæmda- og tæknideild, bæði vegna manneklu á þessum deildum og eins var árið 1987 fyrsta heila árið sem líkantilraunir lágu niðri síðan 1973. Rannsóknarverkefni í samvinnu við aðrar stofnanir voru með minnsta móti. Mælingar og botnrannsóknir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár.

Vegna frumrannsókna, dýpkunarframkvæmda og staðsetningar mannvirkja var dýptarmælt og mælt á landi í eftirtöldum höfnum: Akranesi, Rifi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Brjánslæk tvisvar, Ísafirði, Siglufirði, Ólafsfirði tvisvar, Húsavík, Raufarhöfn tvisvar, Þórshöfn tvisvar, Neskaupsstað, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Hafnarfirði tvisvar og í Reykjavík.

Botnrannsóknir voru gerðar í Stykkishólmi, Akureyri, Vopnafirði, Vestmannaeyjum, Sandgerði og Reykjavíkurhöfn.

Mælingum með öldumæliduflum var framhaldið á Sauðárkróki, Siglufirði, Grímsey, Grímseyjarsundi, Árskógssandi, Grenivík, Þórshöfn og á Breiðdalsvík. Öldumælingar hófust á árinu suður af Vestmannaeyjum.

Bygging rannsóknarstöðvar Hafnamálastofnunar í Fossvogi hófst og var stöðin fokheld á árinu.

Unnið var einkum að frumhönnun og verkhönnun á eftirtöldum höfnum: Stykkishólmi, Brjánslæk, Sauðárkróki, Siglufirði, Grímsey, Ólafsfirði, Árskógssandi, Akureyri, Þórshöfn, Vopnafirði, Borgarfirði eystri, Höfn í Hornafirði og í Sandgerði.

Gefnar voru út áfangaskýrslur um könnun hafnaraðstöðu á Borgarfirði eystri og í Grímsey, auk skýrslu um dýpkun innsiglingarrennu í Sandgerðishöfn í samvinnu við Almennu verkfræðistofuna hf.

# Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti % | Heildarkostnaður | | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Almennar hafnir:** | | | | | |
| Akranes | Þekja á aðalhafnargarð | 75% | 14 139 | | |
| | Aðalskipulag | 75% | 213 | | |
| | Löndunarkrani | 40% | 920 | | |
| | Slysavarnir | 75% | 84 | | |
| | Leiðr.v/86 Innsigl.m. o. fl. | 75% | 243 | 15 599 | 11 377 |
| Borgarnes | Innsiglingarmerki | 75% | 952 | | |
| | Slysavarnir frá 86 | 75% | 44 | 996 | 747 |
| Arnarstapi/Hellnar | Dýpkun v.bryggju o. fl. | 75% | | 212 | 159 |
| Ólafsvík | Sprengdur skurður v/stálþils | 75% | | 4 021 | 3 016 |
| Grundarfjörður | Flotbryggja | 75% | 1 931 | | |
| | Slitlag frá 86 | 75% | 73 | 2 004 | 1 503 |
| Stykkishólmur | Endurb. trébryggja | 75% | 8 854 | | |
| | Smábátaaðstaða | 75% | 4 759 | 13 613 | 10 210 |
| Karlsey | Tæknikostnaður o. fl. | 75% | | 9 | 7 |
| Brjánslækur | Brimvarnargarður | 75% | 25 172 | | |
| | Fjármagnskostnaður | 75% | 406 | 25 578 | 19 184 |
| Örlygshöfn | Tæknikostnaður o. fl. | 75% | | 4 | 3 |
| Patreksfjörður | Endurb. kantbiti | 75% | 1 376 | | |
| | Löndunarkrani | 40% | 698 | | |
| | Leiðr. v/rafb. frá 85 | 75% | 94 | 2 168 | 1 382 |
| Tálknafjörður | Harðviðarbryggja | 75% | 8 484 | | |
| | Þekja á tengibr. | 75% | 1 320 | | |
| | Leiðr.v/bryggjusm. 86 o. fl. | 75% | 237 | | |
| | Leiðr.v/rafl. 84 og 85 | 75% | 98 | | |
| | Leiðr.v/löndunarkr. 85 | 40% | −44 | 10 095 | 7 587 |
| Bíldudalur | Tæknikostnaður | 75% | | 42 | 32 |
| Þingeyri | Lýsing o. fl. leiðr. 85 og 86 | 75% | 399 | | |
| | Leiðr. 85 v/hafnarvog | 40% | −204 | 195 | 218 |
| Flateyri | Tæknikostnaður, selt timbur | 75% | −73 | | |
| | Fjármagnskostnaður | 75% | 89 | | |
| | Hafnarvog undirb. | 40% | 498 | 514 | 211 |
| Suðureyri | Tæknikostnaður | 75% | 20 | | |
| | Fjármagnskostnaður | 75% | 1 079 | 1 099 | 824 |

## Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti % | Heildarkostnaður | | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Almennar hafnir:** | | | | | |
| Bolungarvík | Frágangur stálþils o. fl. | 75% | 6 597 | | |
| | Flotbryggjur | 75% | 527 | 7 124 | 5 343 |
| Ísafjörður | Stálþil í Sundahöfn | 75% | 31 062 | | |
| | Þekja í gömlu bátahöfn | 75% | 1 337 | 32 399 | 24 299 |
| Súðavík | Tæknikostnaður | 75% | | 12 | 9 |
| Norðurfjörður | Fjármagnskostnaður | 75% | 2 260 | | |
| | Kantbiti á stálþil | 75% | 1 767 | | |
| | Smábátaaðstaða | 75% | 1 301 | 5 328 | 3.996 |
| Gjögur | Tjónaviðgerð kr. 160 | | | | |
| | Tjónstyrkur kr. (160) | | | | |
| Drangsnes | Flotbryggjur | 75% | | 1 221 | 916 |
| Hólmavík | Tæknikostn. o. fl. | 75% | 27 | | |
| | Löndunarkrani | 40% | 775 | | |
| | Slysavarnir | 75% | 37 | | |
| | Fjármagnskostnaður | 75% | 700 | 1 539 | 883 |
| Hvammstangi | Flotbryggjur frág. | 75% | | 286 | 215 |
| Blönduós | Grjótnám | 75% | 2 009 | | |
| | Endurb. bryggjukantur | 75% | 800 | 2 809 | 2.107 |
| Skagaströnd | Tæknikostn. o. fl. | 75% | 155 | | |
| | Löndunarkrani | 40% | 671 | 826 | 385 |
| Sauðárkrókur | Smábátahöfn o. fl. | 75% | 8 925 | | |
| | Endurb. á raflögn | 75% | 352 | 9 277 | 6 958 |
| Hofsós | Hafnarvog | 40% | | 4 795 | 1 918 |
| Haganesvík | Endurb. steinbryggja | 75% | | 3 984 | 2 988 |
| Siglufjörður | Brimvörn | 75% | 9 247 | | |
| | Bryggjurif | 75% | 1 000 | | |
| | Botnmælingar | 75% | 330 | 10 577 | 7 933 |
| Ólafsfjörður | Endurb.trébr.o. fl. 7 646 | | | | |
| | — tjónabætur (903) | 75% | 6 743 | | |
| | Smábátaaðstaða | 75% | 1 511 | | |
| | Fjármagnskostnaður | 75% | 596 | | |
| | Dýpkun | 75% | 11 354 | | |
| | Dýpkun innsigl. | 90% | 884 | | |
| | Tjónaviðg. kr. 2 053 | | | | |
| | — tjónast.Hbsj. (9 500) | | | | |
| | Tjónast.til n. árs 7 447 | | | 21 088 | 15 949 |

## Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti % | Heildarkostnaður | | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Almennar hafnir:** | | | | | |
| Dalvík | Raflagnir, hitalagnir o. fl. ..... | 75% | 1 892 | | |
| | Tengibraut .................. | 75% | 1 164 | | |
| | Fjármagnskostnaður .......... | 75% | 298 | | |
| | Slysavarnir .................. | 75% | 244 | 3 598 | 2 699 |
| Hrísey | Tæknikostnaður ............. | 75% | | 22 | 17 |
| Árskógssandur | Grjótgarður ................. | 75% | 19 002 | | |
| | Ferjuaðastaða ............... | 75% | 14 468 | | |
| | Fjármagnskostnaður .......... | 75% | 90 | 33 560 | 25 170 |
| Hauganes | Tjónaviðg. kr. 102 ...... | | | | |
| | — tjónast.Hbsj. (1 900) ...... | | | | |
| | Tjónast.til n.árs 1 798 ...... | | | | |
| Hjalteyri | Tæknikostn. o. fl. ............ | 75% | | 31 | 23 |
| Akureyri | Stálþil, brúsi o. fl. ............ | 75% | 9 261 | | |
| | Frág.Sangerðisbót ............ | 75% | 3 712 | | |
| | Skipulag .................... | 75% | 403 | | |
| | Slysavarnir .................. | 75% | 281 | 13 657 | 10.243 |
| Svalbarðseyri | Tæknikostnaður ............. | 75% | | 7 | 5 |
| Grímsey | Grjótvörn 1.áfangi ............ | 75% | | 4 176 | 3 132 |
| Húsavík | Skipast. í dráttarbraut ......... | 40% | | 3 883 | 1 553 |
| Kópasker | Löndunarkrani ............... | 40% | 693 | | |
| | Ljósamastur ................. | 75% | 371 | 1 064 | 555 |
| Raufarhöfn | Löndunarkantur o. fl. ......... | 75% | 16 931 | | |
| | Smábátahöfn ................ | 75% | 810 | | |
| | Dýpkun ..................... | 75% | 4 607 | | |
| | Dýpkun í innsigl. ............. | 90% | 10 749 | 33 097 | 26 435 |
| Þórshöfn | Smábátabryggja .............. | 75% | 1 733 | | |
| | Fjármagnskostnaður .......... | 75% | 844 | | |
| | Dýpkun ..................... | 75% | 7 420 | | |
| | Dýpkun innsiglingar .......... | 90% | 2 843 | 12 840 | 10 056 |
| Bakkafjörður | Harðviðarbryggja ............ | 75% | 4 247 | | |
| | Fjármagnskostnaður .......... | 75% | 3 372 | | |
| | Upptökukrani ............... | 40% | 86 | 7 705 | 5 749 |
| Vopnafjörður | Stálþil ...................... | 75% | 16 497 | | |
| | Ljósdufl ..................... | 75% | 350 | 16 847 | 12 635 |

## Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti % | | Heildarkostnaður | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Almennar hafnir:** | | | | | |
| Borgarfj. eystri | Harðviðarbryggja | 75% | 2 849 | | |
| | Fjármagnskostnaður | 75% | 45 | 2 894 | 2 171 |
| Seyðisfjörður | Þekja v/ferjuaðstöðu | 75% | 2 022 | | |
| | Smábátahöfn | 75% | 1 022 | 3 044 | 2 283 |
| Neskaupstaður | Smábátahöfn | 75% | | 968 | 726 |
| Eskifjörður | Smábátahöfn | 75% | 4 735 | | |
| | Löndunarkrani | 40% | 795 | 5 530 | 3 869 |
| Reyðarfjörður | Smábátah., dýpkun o. fl. | 75% | | 614 | 461 |
| Fáskrúðsfjörður | Smábátahöfn o. fl. | 75% | | 3 184 | 2 388 |
| Stöðvarfjörður | Tæknikostn. o. fl. | 75% | 99 | | |
| | Slysavarnir | 75% | 100 | | |
| | Fjármagnskostnaður | 75% | 472 | 671 | 503 |
| Breiðdalsvík | Löndunarkrani | 40% | | 978 | 391 |
| Djúpivogur | Innsigl.merki o. fl. | 75% | | 491 | 368 |
| Höfn í Hornafirði | Dýpkun, mælingar o. fl. | 75% | 7 144 | | |
| | Raflagnir | 75% | 820 | | |
| | Slitlag | 75% | 832 | | |
| | Skipulag | 75% | 405 | | |
| | Löndunarkrani 86 | 40% | 51 | 9 252 | 6 921 |
| Dyrhólaey | Frág. sjósetningarrennu | 75% | | 468 | 351 |
| Vestmannaeyjar | Frág. viðg. kants o. fl. | 75% | 3 083 | | |
| | Frág. skipalyftu | 40% | 3 427 | | |
| | Öryggisbún., ljós í stiga | 75% | 1 852 | | |
| | Dýpkun í höfn | 75% | 2 555 | | |
| | Dýpkun innsigl. | 90% | 853 | 11 770 | 7 756 |
| Stokkseyri | Tæknikostnaður | 75% | | 8 | 6 |
| Eyrarbakki | Dýpkun við bryggju | 75% | | 844 | 633 |
| Grindavík | Landveggur o. fl. | 75% | 2 933 | | |
| | Sjósetningarbraut | 75% | 880 | 3 813 | 2 860 |
| Hafnir | Tæknikostn. o. fl. | 75% | | 53 | 40 |
| Sandgerði | Frág. stálþils | 75% | 4 232 | | |
| | Raflagnir | 75% | 837 | | |
| | Slitlag | 75% | 454 | | |
| | Rannsókn v/innsigl. | 90% | 999 | 6 522 | 5 041 |

## Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti % | | Heildarkostnaður | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Almennar hafnir:** | | | | | |
| Garður | Tæknikostnaður | 75% | | 8 | 6 |
| Vogar Vatnsleysustr. | Grjótvörn o. fl. | 75% | 257 | | |
| | Hafnarvog | 40% | 430 | 687 | 365 |
| Hafnarfjörður | Suðurbakki 3. áfangi | 50% | 19 345 | | |
| | Dýpkun | 50% | 4 739 | | |
| | Grjótv. Norðurgarði | 75% | 132 | 24 216 | 12 141 |
| Garðabær | Tæknikostnaður | 75% | | 12 | 9 |
| | Samtals almennar hafnir | 40% | 18 452 | | |
| | | 50% | 24 084 | | |
| | | 75% | 325 064 | | |
| | | 90% | 16 328 | 383 928 | 277 920 |
| **II. Landshafnir:** | | | | | |
| Rifshöfn | Dýpkun og trébryggja | 100% | | 5 982 | 5 982 |
| Þorlákshöfn | Tæknikostn. o. fl. | 100% | | 109 | 109 |
| Keflavík/Njarðvík | Tæknikostnaður | 100% | | 120 | 120 |
| | Samtals landshafnir | | | 6 211 | 6 211 |
| **III. Ferjubryggjur:** | | | | | |
| | Hnjúksnes | 100% | | 28 | 28 |
| | Reykjanes | 100% | | 49 | 49 |
| | Vigur | 100% | | 46 | 46 |
| | Ögur | 100% | | 35 | 35 |
| | Mjóifjörður | 100% | | 5 080 | 5 080 |
| | Samtals ferjubryggjur | | | 5 238 | 5 238 |
| **IV. Reykjavíkurhöfn:** | | | | | |
| | Vesturhöfn | 0% | | 12 733 | |
| | Sundahöfn — Vatnagarðar | 0% | | 54 248 | |
| | Sundahöfn — Kleppsvík | 0% | | 5 038 | |
| | Sundahöfn — Viðey | 0% | | 18 513 | |
| | Hafnsögubátar | 0% | | 36 330 | |
| | Samtals Reykjavíkurhöfn | | | 126 862 | |
| | **Alls framkvæmdir 1987** | | | **522 239** | **289 369** |

## Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1987.

| | Í þús. kr. |
|---|---|
| Akranes | 2 392 |
| Blönduós | 2 820 |
| Siglufjörður | 1 306 |
| Húsavík | 1 454 |
| Stokkseyri | 446 |
| Eyrarbakki | 1 982 |
| Selvogur | 633 |
| Grindavík | 1 542 |
| Miðneshreppur | 935 |
| Gerðahreppur | 1 357 |
| Hafnir í Höfnum | 1 462 |
| Vogar | 664 |
| Hafnarfjörður | 558 |
| Álftanes | 1 144 |
| Seltjarnarnes | 989 |
| Ýmsir staðir | 236 |
| Samtals | 19 920 |

## Tafla III. Rannsóknarverkefni 1987.

| | Í þús. kr. | |
|---|---|---|
| **Almennar rannsóknir óskipt** | | 3 466 |
| **Rannsóknarverkefni í höfnum:** | | |
| Arnarstapi | 49 | |
| Stykkishólmur | 357 | |
| Bolungarvík | 72 | |
| Ísafjörður | 38 | |
| Sauðárkrókur | 293 | |
| Siglufjörður | 339 | |
| Ólafsfjörður | 43 | |
| Árskógssandur | 179 | |
| Grenivík | 122 | |
| Grímsey | 859 | |
| Húsavík | 48 | |
| Vopnafjörður | 51 | |
| Borgarfj. eystri | 316 | |
| Breiðdalsvík | 126 | |
| Vestmannaeyjar | 544 | |
| Aðrar hafnir | 176 | 3 612 |
| Samtals | | 7 078 |

## Tafla IV. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

| Höfn: | Staða við ríkissjóð í árslok 1986 | | Ríkishluti framkv. 1987 | Fjárveiting 1987 | Staða við ríkissjóð í árslok 1987 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vanveitt | Ónotað | | | Vanveitt | Ónotað |
| Akranes | 4 668 | | 11 377 | 6 500* | 9 545 | |
| Borgarnes | | 200 | 747 | 1 400 | | 853 |
| Arnarstapi | | 452 | 159 | 600 | | 893 |
| Hellnar | 20 | | | | 20 | |
| Ólafsvík | 1 147 | | 3 016 | 9 000 | | 4 837 |
| Grundarfjörður | | 182 | 1 503 | 400 | 921 | |
| Stykkishólmur | 2 319 | | 10 210 | 5 600 | 6 929 | |
| Karlsey | 221 | | 7 | 300 | | 72 |
| Brjánslækur | 46 | | 19 184 | 5 000 | 14 230 | |
| Örlygshöfn | | 18 | 3 | | | 15 |
| Patreksfjörður | 36 | | 1 382 | 2 000 | | 582 |
| Tálknafjörður | | 106 | 7 587 | 7 300 | 181 | |
| Bíldudalur | 69 | | 32 | 100 | 1 | |
| Þingeyri | 26 | | 218 | 300 | | 56 |
| Flateyri | 2 428 | | 211 | 2 300 | 339 | |
| Suðureyri | | 219 | 824 | 800 | | 195 |
| Bolungarvík | 5 659 | | 5 343 | 5 300 | 5 702 | |
| Ísafjörður | 13 694 | | 24 299 | 10 900 | 27 093 | |
| Súðavík | 135 | | 9 | 400 | | 256 |
| Norðurfjörður | 8 132 | | 3 996 | 5 100 | 7 028 | |
| Gjögur | 7 | | | | 7 | |
| Drangsnes | 246 | | 916 | 1 400 | | 238 |
| Hólmavík | 4 096 | | 883 | 2 500 | 2 479 | |
| Hvammstangi | 989 | | 215 | 1 200 | 4 | |
| Blönduós | 247 | | 2 107 | 4 000 | | 1 646 |
| Skagaströnd | 416 | | 385 | 2 200 | | 1 399 |
| Sauðárkrókur | | 1 477 | 6 958 | 5 000 | 481 | |
| Hofsós | | 183 | 1 918 | 1 000 | 735 | |
| Haganesvík | | 43 | 2 988 | 2 600 | 345 | |
| Siglufjörður | 702 | | 7 933 | 7 300 | 1 335 | |
| Ólafsfjörður | 2 248 | | 15 949 | 11 500 | 6 697 | |
| Dalvík | 1 905 | | 2 699 | 2 900 | 1 704 | |
| Hrísey | 97 | | 17 | 400 | | 286 |
| Árskógssandur | 398 | | 25 170 | 15 800 | 9 768 | |
| Hauganes | 271 | | | 300 | | 29 |
| Hjalteyri | 112 | | 23 | 100 | 35 | |
| Akureyri | 12 047 | | 10 243 | 5 300 | 16 990 | |
| Svalbarðseyri | 151 | | 5 | 100 | 56 | |
| Grenivík | 39 | | | 100 | | 61 |
| Grímsey | 159 | | 3 132 | 3 100 | 191 | |
| Flatey á Skjálfanda | | 81 | | | | 81 |
| Húsavík | 752 | | 1 553 | 2 100 | 205 | |
| Tjörnes | 20 | | | | 20 | |
| Kópasker | | 33 | 555 | | 522 | |
| Raufarhöfn | 1 063 | | 26 435 | 8 600 | 18 898 | |
| Þórshöfn | 10 746 | | 10 056 | 5 400 | 15 402 | |
| Bakkafjörður | 11 471 | | 5 749 | 7 500 | 9 720 | |
| Vopnafjörður | 237 | | 12 635 | 13 500 | | 628 |

**Tafla IV. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum.**
(Fjárhæðir í þús. kr.)

| Höfn: | Staða við ríkissjóð í árslok 1986 | | Ríkishluti framkv. 1987 | Fjárveit-ing 1987 | Staða við ríkissjóð í árslok 1987 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vanveitt | Ónotað | | | Vanveitt | Ónotað |
| Borgarfj. eystri | | 73 | 2 171 | 500 | 1 598 | |
| Seyðisfjörður | 2 136 | | 2 283 | 2 200 | 2 219 | |
| Neskaupstaður | 2 655 | | 726 | 2 700 | 681 | |
| Eskifjörður | 1 211 | | 3 869 | 1 600 | 3 480 | |
| Reyðarfjörður | 235 | | 461 | 300 | 396 | |
| Fáskrúðsfjörður | 1 041 | | 2 388 | 2 600 | 829 | |
| Stöðvafjörður | 2 760 | | 503 | 2 500 | 763 | |
| Breiðdalsvík | 180 | | 391 | 500 | 71 | |
| Djúpivogur | 503 | | 368 | 1 400 | | 529 |
| Höfn í Hornafirði | 4 708 | | 6 921 | 6 400 | 5 229 | |
| Dyrhólaey | 76 | | 351 | 400 | 27 | |
| Vestmannaeyjar | 1 088 | | 7 756 | 9 500 | | 656 |
| Stokkseyri | 167 | | 6 | 200 | | 27 |
| Eyrarbakki | | 2 125 | 633 | | | 1 492 |
| Grindavík | 600 | | 2 860 | 1 800 | 1 660 | |
| Hafnir | | 41 | 40 | | | 1 |
| Sandgerði | | 229 | 5 041 | 5 300 | | 488 |
| Garður | 15 | | 6 | | 21 | |
| Vogar | | 431 | 365 | | | 66 |
| Hafnarfjörður | 20 340 | | 12 141 | 9 700 | 22 781 | |
| Garðabær | 3 692 | | 9 | 3 200 | | |
| | 128 422 | 5 894 | 277 920 | 218 000 | 197 332 | 15 386 |

Fjárveiting skv. fjárlögum .................................... kr. 218 500

| | |
|---|---|
| * Fjárv. til Akranes skv. fjárl. | 7 000 |
| Oftalin fjárv. 1981 | −500 |

## Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1987.

| | | Í þús. kr. |
|---|---|---|
| **Almennar hafnir** | | 218 500 |
| **Landshafnir:** | | |
| Rif | 4 000 | |
| Þorlákshöfn | 4 400 | 8 400 |
| **Ferjubryggjur:** | | |
| Arngerðareyri | 100 | |
| Flatey á Breiðafirði | 100 | |
| Hnúksnes | 100 | |
| Kleifastaðir | 200 | |
| Múlanes | 100 | |
| Reykjanes | 300 | |
| Ögur | 100 | |
| Mjóifjörður | 4 300 | 5 300 |
| Samtals | | 232 200 |

## Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1987.

| | Í þús. kr. |
|---|---|
| Fjárlagaliður 10—333 | 18 032 |
| Fjárlagaliður 04—270 | 2 468 |
| Samtals | 20 500 |
| **Sundurliðun:** | |
| Akranes | 1 000 |
| Ólafsvík | 1 000 |
| Búðardalur | 200 |
| Flateyri | 500 |
| Bolungarvík | 500 |
| Blönduós | 800 |
| Sauðárkrókur | 1 000 |
| Siglufjörður | 1 000 |
| Dalvík | 800 |
| Hjalteyri | 700 |
| Húsavík | 1 000 |
| Stokkseyri | 1 500 |
| Eyrarbakki | 3 000 |
| Grindavík | 1 500 |
| Miðneshreppur | 1 000 |
| Gerðahreppur | 1 000 |
| Hafnahreppur | 1 000 |
| Vatnsleysustr.hreppur | 500 |
| Bessastaðahreppur | 1 000 |
| Hafnarfjörður | 500 |
| Seltjarnarneshreppur | 1 000 |
| | 20 500 |

# Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1987.

| Styrkir: | Í þús. kr. | |
|---|---|---|
| **Styrkir til nýframkvæmda:** | | |
| Borgarnes | 300 | |
| Arnarstapi | 100 | |
| Ólafsvík | 900 | |
| Stykkishólmur | 700 | |
| Karlsey | 60 | |
| Brjánslækur | 3 900 | |
| Patreksfjörður | 400 | |
| Tálknafjörður | 750 | |
| Bolungarvík | 900 | |
| Súðavík | 100 | |
| Norðurfjörður | 800 | |
| Drangsnes | 300 | |
| Hofsós | 400 | |
| Haganesvík | 500 | |
| Ólafsfjörður | 1 150 | |
| Árskógssandur | 3 200 | |
| Grímsey | 600 | |
| Þórshöfn | 600 | |
| Bakkafjörður | 1 100 | |
| Vopnafjörður | 1 350 | |
| Borgarfj. eystri | 500 | |
| Dyrhólaey | 80 | |
| Grindavík | 400 | |
| Sandgerði | 1 100 | |
| Vogar Vatnsleysustr. | 300 | 20 490 |
| **Tjónastyrkir:** | | |
| Bolungarvík | 1 900 | |
| Gjögur | 160 | |
| Siglufjörður | 1 000 | |
| Ólafsfjörður | 9 500 | |
| Dalvík | 700 | |
| Hauganes | 1 900 | 15 160 |
| Samtals styrkir | | 35 650 |
| **Lán:** | | |
| **Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum** | | |
| Ólafsvík | 900 | |
| Stykkishólmur | 300 | |
| Tálknafjörður | 750 | |
| Hvammstangi | 400 | |
| Skagaströnd | 600 | |
| Hofsós | 600 | |
| Ólafsfjörður | 2 050 | |
| Árskógssandur | 1 300 | |
| Húsavík | 600 | |
| Raufarhöfn | 1 700 | |
| Vopnafjörður | 1 350 | |
| Fáskrúðsfjörður | 400 | |
| Höfn í Hornafirði | 900 | |
| Vestmannaeyjar | 1 400 | |
| Vogar Vatnsleysustr. | 700 | 13 950 |

## Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1987.

| Styrkir: | Í þús. kr. | |
|---|---|---|
| **Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga** | | |
| Ísafjörður | 15 000 | |
| Norðurfjörður | 700 | |
| Árskógssandur | 6 000 | |
| Þórshöfn | 5 000 | |
| Borgarfjörður eystri | 3 000 | 29 700 |
| **Framlengd eldri bráðabirgðalán** | | |
| Ólafsfjörður | 2 000 | |
| Þórshöfn | 3 000 | 5 000 |
| Samtals lán | | 48 650 |
| Samtals úthl. styrkir og lán | | kr. 84 300 |